

Formáli ritstjóra

Margbreytilegt efni er að finna í þessu desemberhefti *Ritradar Guðfræðistofnunar*: tvær greinar, fyrirlestur, andmæli við doktorsvörn og fjóra ritdóma. Efnið er að sama skapi fjölbreytt.

Grein Hjalta Hugasonar, „Boðberi vonar: Páll í Gaulverjabæ og frjálsslynd, kontextúal guðfræði“, er fyrri grein höfundar um efnið en síðari greinin mun birtast í sumarhefti *Ritradarinnar* á næsta ári. Í þessum greinum fjallar Hjalti um guðfræði Páls Sigurðssonar (1839–1887), sér í lagi út frá prédikunum hans sem gefnar voru út árið 1894. Meginmarkmið greinanna er að kanna tengsl Páls við frjálsslyndu guðfræðina svonefndu og að leiða í ljós hvort hægt sé að líta á guðfræði hans sem kontextúal guðfræði. Í þessum fyrri hluta rannsóknarinnar er athyglinni beint að frjálsslyndu guðfræðinni. Að mati höfundar hefur tímabil frjálsslyndu guðfræðinnar hafist nokkru fyrr hér á landi en talið hefur verið hingað til.

Í grein sinni, „Stormviðri og þjáning hins réttláta manns: Fingraför og áhrif Jobsbókar í þremur kvikmyndum“, fjallar Gunnlaugur A. Jónsson um þrjár kvikmyndir frá Ungverjalandi, Bandaríkjunum og Danmörku í ljósi tilvísana þeirra til Jobsbókar í Gamla testamentinu. Líkt og Jobsbók fjalla kvikmyndirnar allar um þjáningu réttláts og trúaðs fólks. Nálgun þeirra á viðfangsefninu er ólík en þó eiga þær það allar sameiginlegt með Jobsbók að það brestur á með stormviðri í lok sögunnar, stormviðri sem er mikilvægt fyrir túlkun myndanna. Lykilinn að túlkun Jobsbókar er einmitt að finna í svari Guðs úr stormviðrinu.

Það er okkur sönn ánægja að birta fyrirlestur Gordons Lathrop sem hann flutti við hátíðlega athöfn í hátíðarsal Háskóla Íslands þann 3. nóvember síðastliðinn er hann tók við heiðursdoktorsnafnbót frá Guðfræði- og trúarbragðafræðideild. Fyrirlesturinn ber titilinn „Tæpti ég mínum trúarstaf á tréð, sem drýpur hunang af“: The Hebrew Scriptures in Christian Liturgical Use“.

Undir fyrisögninni „Guðmundar sögur biskups: Andmæli við doktorsvörn“ birtir Hjalti Hugason andmæli sín við doktorsritgerð Gunnvarar Sigríðar Karlsdóttur, *Guðmundar sögur biskups: Þróun og ritunarsambengi* (Háskóli Íslands, Hugvísindasvið, Íslensku- og menningardeild, Reykjavík, 2017). Doktorsvörnin fór fram 6. október síðastliðinn. Leiðbeinandi Gunnvarar var Ásdís Egilsdóttir.

Fjórir ritdómar birtast í Ritroðinni að þessu sinni: Gunnlaugur A. Jónsson skrifar ritdóm um bókina *Lúther: Ævi — ábrif — arfleifð* eftir Karl Sigurbjörnsson (2017), Hjalti Hugason fjallar um bókina *Leitin að klaustrunum: Klausturbald á Íslandi í fimm aldir* eftir Steinunni Kristjánsdóttur (2017), Stefán Einar Stefánsson beinir sjónum sínum að bókinni *Jerusalem: The Temple Mount* eftir Leen og Kathleen Ritmeyer (2015) og Þorgeir Arason skrifar ritdóm um *Sigurjónsbók: Afmalisrit til heiðurs Sigurjóni Árna Eyyólfssyni sextugum* (2017).

Ánægjulegan lestur!

Ránar M. Þorsteinsson